



Ályktun um kjaramál

Launafólk stendur frammi fyrir gríðarlegri dýrtíð. Verðbólga mælist 8% um þessar mundir og er útlit fyrir að þensla í ferðapjónustunni þrýsti á enn frekari verðhækkanir. Fákeppni á lykilmörkuðum leiðir beint til verðhækkana til almennings sem kemur verst niður á þeim tekjulægstu, öryrkjum og öldruðum.

Launafólk og heimili þessa lands standa enn og aftur frammi fyrir okurvöxtum og verðtryggingu sem sliga íslensk heimili. Í dag nema stýrivextir Seðlabankans 9,25% og eru mun hærri en í samanburðarlöndum. SGS vill vekja sérstaka athygli á því að skv. könnun Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, þá eru upp undir 35% félagsmanna SGS með yfirdráttarlán en slík lán bera 17% vexti.

Verðbólga og hátt vaxtastig bitnar verst á þeim tekjulægstu og því þarf að ráðast í kerfisbreytingar þar sem hagsmunir verkafólks verða teknir fram yfir hagsmuni fjármálakerfisins. Tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi sem byggist á því að heimilum standi til boða lán á sambærilegum kjörum og þekkist í samanburðarlöndunum. Réttarstöðu leigjenda þarf að styrkja t.d. með leigubremsu eða leigubaki. Auka þarf framboð á leiguhúsnæði og takmarka útleigu á Airbnb. Breyta þarf útreikningi á svokölluðum húsnæðislið í neysluvísitölunni enda liggur fyrir að upp undir 40% af hækkun á neysluvísitölunni má rekja til reiknaðrar húsaleigu. Tryggja skal fjármálastöðugleika heimilanna og fyrirsjáanleika í útgjöldum til lengri tíma.

Ef takast á að gera hér langtímasamning í anda lífskjarasamningsins verður aðkoma stjórnvalda og sveitarfélaga að verða gríðarleg, en í lífskjarasamningnum komu 80 milljarðar til stuðnings við þann samning og það er ljóst að slík upphæð mun ekki nægja. Með lífskjarasamningnum árið 2019 tókst að beina launahækkunum þangað sem þörfin var mest og hagvaxtarauki tryggði launafólki hlutdeild í efnahagsábata. Aðferðafræðin í lífskjarasamningnum árið 2019 tryggði einnig að verðbólga varð stöðug og vextir lækkuðu.

Ófremdarástand á húsnæðismarkaði og miklar verðhækkanir hafa orðið til þess að ómögulegt er að lifa af á taxtalaunum. Kjararannsóknir hafa staðfest að krónutöluhækkanir tryggja kaupmátt hinna efnahagslega verst settu og vinna auk þess gegn óþörfu og óréttlátu launaskriði í efri lögum samfélagsins. Til að jákvæð efnahagsleg áhrif náist fram þarf að semja í formi krónutöluhækkana og vinnumarkaðurinn allur þarf að taka þátt í þeirri leið. SGS mun aldrei sætta sig við að efsta lagið í atvinnulífinu semji með öðrum hætti eins og gerðist þegar lífskjarasamningurinn var gerður. Á þar við efsta lag samfélagsins sem býr í öðru umhverfi ofurlauna og bónusa og hefur fengið launahækkanir langt umfram almenna kjarasamninga.

Verkafólk á hinum almenna vinnumarkaði hefur ekki séð styttingu vinnuvikunnar og útfærsla á opinbera markaðnum hefur verið ólík eftir stöðu og stétt. Því er mikilvægt að semja um styttingu á vinnuvikunni á hinum almenna vinnumarkaði.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Vörðu sem birt er í nýlegri skýrslu ASÍ um íslenskan vinnumarkað kveðast 56% innflytjenda hafa orðið fyrir vinnumarkaðsbrotum á síðustu 12

mánuðum en 29% innfæddra. Þessi staða er ólíðandi með öllu og viðurlögin eru engin. Styðja þarf betur við öflugt vinnustaðaeftirlit til að sporna við brotum á lögum, kjarasamningum og misbeitingu gagnvart launafólki.

Kjör launafólks ráðast ekki síður af öflugri velferð, heilbrigðiskerfi og innviðum um land allt sem og heilbrigðum húsnæðis- og leigumarkaði. Öllum ber að standa undir þeirri velferð. Þar þarf að endurskoða skattkerfið þannig að tekjur af fjármagni og auði séu skattlagðar á sama hátt og laun og að gjald af nýtingu auðlinda taki mið af þeirri rentu sem til verður. Einnig þarf að lækka skattbyrði á þá tekjulægstu og hækka barna- og húsnæðisbætur svo eitthvað sé nefnt. Það er bjargföst skoðun þings SGS að aðkoma stjórnvalda og sveitarfélaga muni ráða úrslitum um hvort hægt verði að ganga hér frá kjarasamningi til langs tíma eða ekki.

Áherslur SGS

- Samið verði í anda lífskjarasamninganna.
- Samið verði um krónutöluhækkunarir.
- Samið verði um hagvaxtarauka.
- Samið verði um að halda áfram að lagfæra launatöfluna í almenna kjarasamningnum við SA.
- Samið verði sérstaklega um að lagfæra kjör ræstingarfólks og þar verði allt undir.
- Leiðréttu skakkt verðmætatamat kvinnastarfa.
- Að allt launafólk hafi 30 daga orlof.
- Stöðva verður launabjórnað og hann sæti hörðum viðurlögum.
- Efla og auka heimildir vinnustaðaeftirlits stéttarfélaganna. Skal það ná yfir allar starfsgreinar og styrkja ber samstarf eftirlitsins við aðrar stofnanir, auk þess að tryggja eftirfylgni þeirra mála sem upp koma.
- Létta skattbyrði hinna tekjulægstu.
- Hækkunarir á barnabótum.
- Hækka þarf atvinnuleysisbætur og tekjutryggingu þeirra.
- Hækka hlutfall af viðmiðunarlaunum lágtekjufólks í fæðingarorlofi.
- Hækkunarir á húsnæðisbótum og réttarstaða leigjenda verði betur tryggð.
- Persónuafsláttur fylgi launavísitölu.
- Auðlindarenta af sameiginlegum náttúruauðlindum renni til þjóðarinnar í formi auðlindagjalds.
- Tekið verði upp nýtt húsnæðislánakerfi þar sem heimilum verði tryggð sambærileg lánakjör og á samanburðarlöndunum.
- Aðstöðumunur vegna heilbrigðismála er óásættanlegur því skal allur kostnaður þeirra sem þurfa að sækja lækniþjónustu utan heimabyggðar sinnar bættur.
- Samkeppniseftirlitið verði eftir.
- Húsnæðisliðnum í neysluvísitölunni verði breytt.
- Fá óháða erlenda aðila til að skoða kosti og galla íslensku krónunnar sem og kosti og galla þess að taka upp annan gjaldmiðil.
- Styrkja þarf stöðu fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði og að fólk á vernduðum vinnustöðum fái greidd laun.
- Að 1. maí verði að stórhátíðardegi.